

# Minjaráð Suðurlands

Fundur í Fjölheimum 30. nóv. 2017 10:00 -12:00

Mætt: Uggi, Ísólfur, Sverrir, Ásdís, Hreinn og Ásborg. Ólafía tilkynnti forföll

## Umræður

1. Upprifjun á tilgangi, markmiðum og verkefnum Minjaráða. Sjá nánar um minjaráð í viðhengi.

*„Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Minjastofnunar Íslands. Á hverju minjasvæði starfar minjaráð. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis sem ætlað er að fjalla um menningarmínjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarmínja.“*

Minjaráð eru tiltölulega valdalaus, en geta engu að síður verið hvetjandi og skapað jákvæða stemningu. Hvatt til góðra verka, verkefna, umsókna um styrki o.fl.

Rifjaðir voru upp forgangspunktur sem Minjaráð Suðurlands hefur rætt og má finna í fyrri fundargerðum ráðsins.

2. Rætt um sjálfbóðaliða. Ekki rík hefð fyrir sjálfbóðaliðastarfi á Íslandi líkt og víða um heim. Þó er góð reynsla af sjálfbóðaliðahópum sem hafa komið til landsins og unnið ákveðin verkefni, einkum við stígagerð. Gera þarf ráð fyrir utanumhaldi og kostnaði við slíkt og getur það verið hamlandi. Hugmynd um að hitta önnur minjaráð, það væri áhugavert en því myndi fylgja töluverður kostnaður.

3. Umræða um innviðauppbýggingu, gjaldtöku, aðgangsstýringu, hella, fossa, uppbyggingu og aðgengi. Hella hvað má sbr. Laugarvatnshellar, Rútshellir o.s.frv. Fossar samstarf landeigenda og sveitarfélaga, spurning hver fær hvað og hver á hvað.

Verið er að vinna að 12 ára áætlun „Landsáætlun um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum“ en sú vinna hefur tafist vegna kosninga og ráðherraskipta. Þar inni eru staðir í umsjón Minjastofnunar svo og annarra stofnana ríkisins. Framkvæmdasjóði ferðamannastaða hefur nú verið breytt og stofnanir sækja ekki lengur um þar, aðeins sveitarfélög, félög og einstaklingar.

4. Rætt um verndarsvæði í byggð á Suðurlandi. Vík gamli bær, Eyrarbakki, Hólmur Eyrarbakki ramma inn ákveðið svæði, skrá fornminjar, leggja mat á varðveislugildi húsa. Skráning húsa umfangsmikið verkefni hluti af því. Héraðsskjalasafnið skráir og Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur annast fornleifaskráningu. Húsavernd, hverfisvernd. Mikilvægt er að hafa grasrótina með. Skipulagsmál sveitarfélaga eru umfangsmikil verkefni og mikið álag á skipulags- og byggingafulltrúa víða.

5. Torfhús á Íslandi, Uggi kynnti verkefni Minjastofnunar. Hús úr torfi og gróti. Sendir verða út spurningalistar og skrásetja skal öll slík hús. Hnit, mynd og unnið varðveislumat. Ákvarða hvað á að byggja upp, hvers konar hús, byggingarlag o.s.frv. Flétta má ýmislegt inn í þetta einfalda verkefni um torfhúsin Námskeið t.d. í smvinnu við skóla, þjálfar fólk og viðhalda þekkingu.

6. Minjagarðar. Lifandi söfn. Sýna búskaparhætti á ákveðnum tíma. Kenna handverk og gamlar hefðir t.d. ostagerð, prjónles, jarðyrkja, búskapur. Væri áhugavert í tengslum við Skógasafn t.d.

Fundi slitið